

Ed. **151. Frumvarp til jarðræktarlaga.** [102. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

## I. KAFLI

### Um stjórn ræktunarmála.

#### 1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

#### 2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

#### 3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

#### 4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt og meðferð og notkun landbúnaðarvéla skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein.

Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er lög þessi ná yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa horizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, s. s. úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

#### 5. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra að fengnum til-  
lögum Búnaðarfélags Íslands, og skal höfð hliðsjón af launakerfi starfsmanna rík-  
isins.

Ríkissjóður greiðir 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta, trúnaðar-  
manna og aðstoðarmanna, en búnaðarsamböndin 35 hundraðshluta.

#### 6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að  
búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, enn fremur, að tvö búnaðarfélög  
séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sér-  
stakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags  
Íslands slík frávík.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.  
Stjórnnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því, sem  
stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum  
skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Bún-  
aðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt  
afriti af reikningum sínum.

Framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum greiðist í þeirri röð, sem úttektar-  
skýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi horizt Bún-  
aðarfélagi Íslands.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera félags-  
maður í búnaðarfélagi byggðarlagsins.

#### 7. gr.

Ákvæði laga þessara um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga  
nr. 36 29. marz 1961, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlut-  
um, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 75/1962, um stofnlánadeild land-  
búnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitþorpum, sem  
liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma  
á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er  
bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

#### 8. gr.

Ræktað land í lögum þessum telst: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og  
framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum,  
kauptúnum og sjávar- og sveitþorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa. Skal þá  
ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir  
bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

#### 9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörk-  
unum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að  
skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við  
notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita  
álits héraðsráðunautar hér um.
2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagn-  
ingu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar.  
Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem

beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línunum þessum við ræktunarframkvæmdir.

Þar sem línur liggja í jörð, er torvelda framræslu með opnum skurðum, er línueiganda skylt á eigin ábyrgð að sjá um uppgröft á línustæðinu á sinn kostnað þannig, að fullt frárennsli náist samkvæmt fyrirliggjandi mælingu. Tilkynna skal fyrirsvarsmönnum línueiganda með minnst fjöggra vikna fyrirvara, að slíkt verk sé framundan, og síðan með tveggja sólarhringa fyrirvara, hvenær það eigi að vinnast, enda verði það þá framkvæmt án tafar.

Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að  $\frac{3}{4}$  hlutum.

3. Vegagerðaraðilar skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots og þ. l. Enn fremur skal lagfæra og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, sem myndast á grónu landi vegna vegagerðar. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur, skipaður þrem mönnum, úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, en oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

## II. KAFLI

### Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

#### 10. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 14. gr.):

#### I. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):

a. Skurðir, handgrafnir .....	kr.	12.00	pr. m <sup>3</sup>
b. Hnausræsi .....	—	9.00	— —
c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi) .....	—	15.00	— —

#### II. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

- a. Skurðir, vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og oliur og mannhald, eftir því, sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðist ekki á hærrí kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um raunverulegan kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.

b. Plógræsi .....	—	1.20	— —
-------------------	---	------	-----

### III. Jarðrækt:

a. Frumvinnsla lands vegna grænifóðurs- og kornræktar	kr. 800.00 pr. ha.
b. Túnrækt á söndum .....	— 1100.00 — —
c. Túnrækt á vallendi, móum og melum .....	— 1500.00 — —
d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi .....	— 2900.00 — —
e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis. Héraðsráðunautur skal samþykkja endurvinnsluna hverju sinni, áður en verkið er hafið. Framlag til endurvinnslu þýfis greiðist því aðeins, að minnst 15 ár séu liðin frá síðustu vinnslu .....	— 1225.00 — —

Þau býli, sem hafa minna en 25 ha. vélfært tún, skulu njóta viðbótarframlags frá og með árinu 1964—1974, er nemi 1500.00 krónum á ha. Enn fremur skulu þau býli, þar sem ræsa þarf land til ræktunar, en eigi er unnt eða heppilegt að dómi Búnaðarfélags Íslands að nota vélgröfu til framræslunnar, njóta 18.00 kr. viðbótarframlags á hvern m<sup>3</sup> handgrafinna skurða.

IV. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt — 25.00 — m<sup>3</sup>

V. Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðstólpum, og sé eigi meira en 4 m bil á milli jarðfastra staura:

a. Sex strengja gaddavírgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða ..	— 4.00 — m
b. Fimm strengja gaddavírgirðingar úr nýju og óskemmdu efni á skurðbakka eða með undirhleðslu ..	— 3.50 — —
c. Fjögurra strengja gaddavírgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b. ....	— 2.70 — —
b. Þriggja strengja gaddavírgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b. ....	— 2.00 — —

VI. Áburðargeymslur:

a. Safnþrær, alsteyptar .....	— 93.00 — m <sup>3</sup>
b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar, steipt .....	— 41.00 — —

VII. Heyhlöður og garðávaxtageymslur:

a. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni .....	— 24.00 — —
b. Votheyshlöður úr varanlegu efni .....	— 60.00 — —
c. Garðávaxtageymslur, steiptar með þaki úr varanlegu efni .....	— 55.00 — —
d. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður miðað við gólf-flöt og blásara .....	— 120.00 — m <sup>2</sup>
e. Súgþurrkunarkerfi án blásara .....	— 96.00 — —

Framlag á vélgrafna skurði greiðist því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 22. og 23. gr. þessara laga.

Framlag á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Jarðræktarframlag greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrð að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið, eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðslu.

Byggingar þær, er framlag er veitt til, skulu gerðar eftir teikningum, sem Teiknistofa landbúnaðarins viðurkennir.

Greiðsla jarðabótaframlags er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

#### 11. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í 10. og 15. gr. þessara laga, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1964. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og Teiknistofu landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar um greiðslu verðlagsuppbótar á framlög gildi frá og með framkvæmdum ársins 1965.

Af jarðabótaframlögum þeim, er talin eru í 10. gr., renna 5% til hreppabúnaðarféлага, nema af vélgröfnum skurðum 3%. Nú lætur framræslu- og áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna, og á þá félagið rétt á að fá þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

#### 12. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir fjárhæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af framlaginu gengur til afgangsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

#### 13. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

#### 14. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðal, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 10. gr. Reiknast þær til afgangsgreiðslu 50% hærra en styrkuppþæðinni nemur.

### III. KAFLI Um Vélasjóð.

#### 15. gr.

Vélasjóður er eign ríkisins. Starfsemi sjóðsins skal vera:

1. Að kaupa vélknúnar skurðgröfur, og ef nauðsyn þykir jarðræktarvélar, og annast rekstur þeirra.
2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 20. gr., skurðgröfur.
3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 20. gr., vélavinnu við stærri ræktunarfamkvæmdir, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á, eða aðilar leggja til.

4. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegum og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

16. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar, og er hann formaður hennar, annan skipar hann samkvæmt tilnefningu Búnaðarþings, en hinn þriðja skipar hann verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, en ella einn af jarðræktarráðunautum félagsins eftir tilnefningu stjórnar þess.

17. gr.

Starfssvið vélanefndar er:

1. Að hafa á hendi stjórn Vélasjóðs og annast alla starfsemi hans.
2. Að hafa á hendi eftirlit með viðhaldi ræktunarvéla, sem ræktunarfélög kaupa, samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum, sem um það gilda á hverjum tíma.

18. gr.

Til þess að annast þau störf, sem um getur í 17. gr., ræður vélanefnd sér starfsmenn, eftir því sem þörf krefur. Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kostnaður við framkvæmdastjórn greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 15. gr., svo að viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

20. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrir mælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og vélanefnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög.

Samningar þeir, sem um getur í 1. málsgrein um leigu á ræktunarvélum og skurðgröfum á félagssvæðinu, skulu vera bindandi fyrir einstaklinga innan hvers sveitarfélags. Þetta gildir einnig um ræktunarvélar og skurðgröfur frá öðrum leigusölum eða verktökum. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, sem gera skal.

21. gr.

Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 15. gr., staflíð 2, skal miðuð við, að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna.

Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 15. gr., staflíð 3, skulu þeir aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

22. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt lögum þessum.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og skal í fyrsta skipti lagt á skurðgröft ársins 1965, en gjaldið ákveðst þannig:

Á gröft að 50000 m <sup>3</sup> .....	greiðast	4	aurar	á	m <sup>3</sup>
- — 50000 til 100000 m <sup>3</sup> .....	—	8	—	—	—
- — 100000 m <sup>3</sup> og yfir .....	—	14	—	—	—

Breytingar á jöfnunargjaldi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

#### 23. gr.

Jöfnunargjaldið greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft“. Skal hann vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands.

Gröfueigandi er ábyrgur fyrir greiðslu alls jöfnunargjaldsins. Ber honum að standa skil á því til Búnaðarfélags Íslands fyrir 1. marz árið eftir að verkið var framkvæmt. Sé gjaldið ekki greitt á réttum gjalddaga, falla á það venjulegir útláns-vestir banka, eins og þeir verða á hverjum tíma, og auk þess innheimtukostnaður.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr jöfnunarsjóðnum eftir því, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, er gefin verður út samkvæmt lögum þessum.

#### 24. gr.

Auk ríkisframlags þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða framlag til byggingar flóðgarða  $\frac{1}{2}$  kostnaðar, en byggingar flóðgátta og vatnsbrúa  $\frac{1}{2}$  kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Framlag þetta greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

### IV. KAFLI

#### Um búskaparhæfni jarða.

#### 25. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem telja má að séu í hættu fyrir landspjöllum, s. s. sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi, landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru óhæfar til búreksturs, s. s. vegna landsmæðar eða ónógra landgæða. Jafnframt skal athuga, hvort úr megi bæta með landaukningu frá aðliggjandi jörðum.

#### 26. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, skal félagið þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt viðkomandi héraðsráðunaut, að kanna ýtarlega búskaparskilyrði umræddra jarða, og auk þess leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Að fengnu áliti þessara aðila skal landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands úrskurða, hvort jarðir þessar skuli framvegis njóta ríkisframlags samkvæmt lögum þessum.

#### 27. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags, sbr. 26. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji ábúandinn reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

## V. KAFLI

### Um erfðaleigulönd.

#### 28. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fara fram athugun á því, hvaða lönd liggja bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis til þess, að slík athugun megi fram fara.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið tiltekur.

#### 29. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 28. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins framlagshæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

#### 30. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því og Alþingi veitir til þess lagaheimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

#### 31. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til hjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á eða sérstök náttúruþryði, sem skylt er að vernda.

#### 32. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, sem gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

#### 33. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.



#### 34. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.

#### 35. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjast.

Nú krefst ríkið meira af landinu en  $\frac{1}{4}$  hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

#### 36. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, sbr. 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

### VI. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 37. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands visvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 1000—10000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjótí héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

#### 38. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

#### 39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965, og greiðist framlag á umbætur unnar á árinu 1964 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld jarðræktarlög nr. 45 17. maí 1950, l. nr. 29 9. maí 1955, l. nr. 23 12. maí 1960, l. nr. 10 23. febr. 1963, l. nr. 26 18. apríl 1964, svo og önnur ákvæði, sem stangast kunna við lög þessi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands vöð á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Á tímabilinu 1965—1969, að báðum árum meðtöldum, greiðir ríkissjóður fjárframlag til uppsetningar á súgurrkunartækjum með mótör og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk  $\frac{1}{3}$  kostnaðar eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Sé um færanlega vél að ræða, skal styrkurinn miðast við hæfilega stóran rafmagnsmótör.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Búnaðarþing 1961 kaus þriggja manna millipinganevnd til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Frumvarp nefndarinnar var lagt fyrir Búnaðarþing 1962, samþykkt þar með litlum breytingum og síðan sent Alþingi. Frumvarpið var ekki tekið fyrir á Alþingi, en haustið 1962 skipaði landbúnaðarráðherra þriggja manna nefnd til að endurskoða jarðræktarlögin. Í nefndinni áttu sæti Pétur Gunnarsson, deildarstjóri, Birgir Finnsson, alþingismaður, og Kristján Karlsson, fulltrúi hjá Stéttarsambandi bænda.

Að undangengnum viðræðum milli Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðuneytisins um nauðsyn á hækkun framlaga samkvæmt jarðræktarlögum, fól landbúnaðarráðuneytið Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins, með bréfi, dags. 10. júlí 1964, að endurskoða jarðræktarlögin, svo og jarðræktarlagafrumvarp hinnar stjórnskipuðu nefndar, „sérstaklega með það fyrir augum að kanna kostnað við jarðræktarfrumvarp og hvað sé eðlilegt að styrkja þær framkvæmdir miðað við núgildandi verðlag og finna grundvöll vísitölu, sem tryggi, að jarðræktarstyrkir séu í eðlilegu hlutfalli við kostnað við framkvæmdir á hverjum tíma. Um könnun á þessum atriðum verði haft samráð við ráðuneytið.“

Með skírskotun til samkomulags sem síðar var gert milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og fulltrúa bænda í sexmannanefnd hins vegar um verðlagsmál, var ákvarðað, að heildarhækkun á jarðabótaframlagi ríkisins frá því, sem nú er, megi hækka um allt að 30% miðað við sömu framkvæmdir og 1963, og var endurskoðunin við það miðuð.

Enn fremur ákvað landbúnaðarráðuneytið, að 65% af launum héraðsráðunauta verði greidd af ríkissjóði.

Búnaðarfélag Íslands safnaði miklum upplýsingum úr öllum fjórðungum landsins um ræktunar- og byggingarkostnað og lét vinna úr þeim. Enn fremur lágu fyrir upplýsingar frá Landnámi ríkisins um sama efni.

EKKI var hægt að hefjast handa með sjálfa endurskoðunina fyrr en í október, að jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands komu frá sumarstörfum sínum utan úr sveitum landsins.

Ráðunautarnir gerðu uppkast að frumvarpi, sem lagt var fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Því næst var leitað samstarfs við landnámsstjóra og síðan sameiginlega höfð samráð við landbúnaðarráðuneytið.

Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins lögðu til í frumvarpsuppkasti sínu, að í 10. gr. yrði tekinn upp nýr liður, nr. VIII, styrkur til vatnsveitna til heimilis- og búsparfa. Styrkurinn skyldi nema  $\frac{1}{3}$  kostnaðar við vatnsupptöku (þar með talin borun fyrir vatni), vatnsgeyma og vatnsleiðslu frá vatnsupptökum að vegg íbúðarhúss.

Í framangreindu samkomulagi ríkisstjórnarinnar og fulltrúa bænda í sexmannanefnd var ekki gert ráð fyrir, að upp verði tekinn sérstakur styrkur til vatnsveitna. og treystir ráðuneytið sér ekki á þessu stigi málsins að taka þennan lið upp í frumvarpið.

Milli Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins varð fullt samkomulag um öll meginatriði frumvarpsins að undanskilinni 12. gr. og koma fram sérálit beggja aðila um ákvæði þeirrar greinar í sérstöku fylgiskjali.

Landbúnaðarráðuneytið er samdóma álit landnámsstjóra um, að ekki sé ástæða til að breyta núverandi skipulagi á greiðslufyrirkomulagi jarðræktarframlaga, sem veitt eru auk hins almenna jarðræktarframlags til jarða, er minni tún hafa en 25 ha, og hefur því umrædd 12. grein ekki verið tekin upp í frumvarpið.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi jarðræktarlaga.

Um 2. gr.

Í stað „sem stjórnaf er af fulltrúaráði, er nefnist Búnaðarþing“ kemur eins og greinin segir: sem stjórnaf er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi. Virðist eðlilegra, að hér komi stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem annast raunverulega stjórn og úrskurði þeirra mála, sem félaginu eru falin með lögum þessum.

Þá eru felld niður orðin „lán eða“ úr fyrsta málslið, sem virðist réttmætt, þar sem önnur stofnun fer með lánveitingar, jafnvel þótt þær séu að nokkru leyti byggðar á lögum þessum.

Um 3. gr.

Orðin „mælingamanna búnaðarsambandanna“ eru felld niður, en í þess stað kemur: trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Orðið „mælingamaður“ er röng túlkun á starfi úttektarmanns jarðabóta, enda þótt hann mæli jarðabætur. Þykir réttara að tala um „aðstoðarmann“ (þ. e. aðstoðarmann héraðsráðunauts, sem vinnur á hans ábyrgð).

Síðast í málsgreininni er orðið „umsjón“ fellt niður, í stað kemur: yfirstjórn. Virðist eiga betur við, að Búnaðarfélag Íslands hafi meiri ítök í héraðsráðunautunum en verið hefur, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að gert er ráð fyrir, að framlag ríkisins til launa þeirra hækki úr 50% í 65%. Með meiri ihlutun Búnaðarfélags Íslands um störf héraðsráðunauta er hægt að samræma og skipuleggja betur starfsemi þeirra.

Um 4. gr.

Grein þessi svarar til 4. gr. laganna, en er verulega breytt. Nýmæli er, að hér er gert ráð fyrir ráðunautum, sem leiðbeina um notkun og meðferð landbúnaðarvéla. Takmörkun á tölu héraðsráðunauta í jarðrækt og vélbúnaði er afnumin, en lagt er til, að það verði á valdi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að ákveða tölu þeirra og starfssvæði.

Ný ákvæði eru um, að héraðsráðunautar skili starfsskýrslum og að stjórnir búnaðarsambandanna semji starfsáætlanir, sem ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna sendist Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar og staðfestingar. Þessi ákvæði eru sett inn (sbr. 3. gr.) til þess að tryggja betri skipulagningu á ráðunautaþjónustunni og koma á meira samræmi í leiðbeiningakerfinu.

Í frumvarpinu er sett inn heimild til að ráða trúnaðarmenn í Vestmannaeyjum og Grímsey. Þetta er engin breyting frá því, sem verið hefur í framkvæmd hinna eldri laga, en nauðsynlegt þótti að taka þetta sérstaklega fram, þar sem um trúnaðarmenn verður vart að ræða nema á þessum 2 stöðum.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um ákveðinn fl. launalaga, sem héraðsráðunautar skyldu taka laun eftir. Launalögin eru eins og kunnugt er úr gildi felld, en þar

sem héraðsráðunautar eru ekki opinberir starfsmenn, er í frumvarpinu ákvæði um, að hafa skuli hliðsjón af launakerfi ríkisins við ákvörðun launa þeirra, enda skulu laun ákveðin af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Þá er launahlutur ríkissjóðs hækkaður úr 50% í 65% samkvæmt ábendingu landbúnaðarráðuneytisins.

#### Um 6. gr.

Grein þessi í frumvarpinu er færð til betra samræmis við lög Búnaðarfélags Íslands.

Nýmæli í frumvarpinu er, að „Framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum greiðist í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi horizt Búnaðarfélagi Íslands.“ Ákvæði þetta er sett inn til þess að herða á því, að jarðabótaskýrslur og kvittanir fyrir útsendum framlögum komi sem fyrst til Búnaðarfélags Íslands, og koma í veg fyrir óþarfa tafir og skrif. Eins er nauðsynlegt vegna áætlanagerða (fjárlög o. fl.) að vita sem fyrst magn framkvæmda.

#### Um 7. gr.

Óbreytt.

#### Um 8. gr.

Svarar efnislega til 8. og 9. gr. laganna.

#### Um 9. gr.

Svarar til 10. gr. laganna.

Lagt er til í frumvarpinu, að þegar grafa þarf framræsluskurði um línustæði, sé línueiganda skylt á eigin ábyrgð og kostnað að sjá um uppgröft á línustæðinu. Þá eru ákvæði í frumvarpinu um tilkynningarskyldu um, hvenær verk verði framkvæmt.

Þegar línur hafa verið slitnar í sundur á undanförunum árum, hafa ýmsar orsakir orðið þess valdandi. Línuslit hefur ekki einungis orsakað verktafir og fjárfjón, heldur líka langvinn málaferli. Þó að línueigandi fái uppborinn viðgerðarkostnað þann, sem verður af línuslitum, þá tapar hann oft verulegum upphæðum við það, að afnot verða engin meðan á viðgerð stendur. Jarðstrengir eru oft og einatt til stórbaga við þurrkun lands og hafa bændur orðið að þola slíkt bótalaust. Virðist full sanngirni í því, að línueigandi annist umræddar aðgerðir fyrir eigin reikning.

Á sama hátt torvelda oft vegir þurrkun landsins. Sem stendur þurfa bændur að kosta að jöfnu við vegagerðaraðila ræsi á vegum, sem gera verður vegna landþurrkunarskurða. Lagt er til í frumvarpinu, að vegagerðaraðili kosti ræsi, sem gera þarf á vegi vegna framræslu, að  $\frac{3}{4}$  hlutum.

#### Um 10. gr., áður 11. gr.

Niðurröðun efnis er nokkuð breytt frá því, sem verið hefur, til betra samræmis.

Um leið og landbúnaðarráðuneytið fól Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins að endurskoða frumvarp það til jarðræktarlaga, sem samið var af nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði, og byggt var að mestu á frumvarpi millipinganefndar Búnaðarþings, þá var þess getið, að frumvarpið mætti ekki gera ráð fyrir meiri hækkun jarðræktarframlags en sem næmi 30% hækkun frá núverandi ríkisframlagi til jarðabóta miðað við sama magn jarðabóta árið 1963.

Við umreikninga þessa vantar rúml. 43 þús. kr., til þess að ríkisframlagið hækki um 30% frá því, sem nú er, miðað við jafnar framkvæmdir og árið 1963.

Hér fer á eftir samþanburður á framlögum samkvæmt gildandi lögum og því, sem lagt er til í frumvarpinu.

	Framlög samkv. gildandi lögum:		Framlög samkv. frumvarpinu:	
I. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur).				
a. Skurðir (handgrafnir) .....	kr.	6.12 pr. m <sup>3</sup>	kr.	12.00 pr. m <sup>3</sup>
(bráðabirgðaákvæði) .....	—	18.35 — —	—	18.00 — —
b. Hnausræsi .....	—	4.59 — m	—	9.00 — m
c. Önnur ræsi .....	—	9.18 — —	—	15.00 — —
II. a. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur). Af rekstrarkostnaði við gróft skurðanna .....		65%		70%
b. Plógræsi .....	—	1.22 — —	—	1.20 — —
III. Jarðrækt.				
a. Frumvinnsla lands vegna græn- fódurs og kornræktar (nýr liður)			—	800.00 — ha.
b. Túnrækt á söndum .....	—	917.70 — ha.	—	1100.00 — —
c. Túnrækt á vallendi, móum og melum .....	—	1223.60 — —	—	1500.00 — —
d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi ..	—	1223.60 — —	—	2900.00 — —
e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis .....	—	2753.10 — —	—	1225.00 — —
IV. Grjótnám úr ræktunarlendi, þar sem grjót er ekki seljanlegt .....	—	24.47 — m <sup>3</sup>	—	24.00 — m <sup>3</sup>
V. Girðingar:				
a. Sex strengja gaddavirsgirðing ...			—	4.00 — m
b. Fimm strengja gaddavirsgirðing .	—	1.84 — m	—	3.50 — —
c. Fjögurra strengja gaddavirsg. . .			—	2.70 — —
d. Þriggja strengja gaddavirsgirðing			—	2.00 — —
VI. Áburðargeymslur:				
a. Safnþrær alsteyptar .....	—	55.06 — m <sup>3</sup>	—	93.00 — m <sup>3</sup>
b. Áburðarhús .....	—	30.59 — —	—	41.00 — —
(b.) Haugstæði og kjallarar, steypt ..	—	18.35 — —	—	41.00 — —
VII. Heyhlöður og garðávaxtageymslur:				
a. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni	—	6.12 — —	—	24.00 — —
b. Votheyslhöður úr varanlegu efni .	—	33.65 — —	—	60.00 — —
c. Garðávaxtageymslur .....	—	33.65 — —	—	55.00 — —
d. Súgþurrkunarkerfi með blásara .	—	110.12 — m <sup>2</sup>	—	120.00 — m <sup>2</sup>
e. Súgþurrkunarkerfi án blásara ...	—	73.42 — —	—	96.00 — —
VIII. Vatnsveitur til heimilis- og búsparfa (nýr liður) .....				1/3 af samþykktum kostnaði.

Ákvæði það, sem nú er í jarðræktarlögum um 1500.00 kr. aukaframlag á ha. til nýræktar á býlum, sem hafa minna en 25 ha. tún, er hér fært sem viðbót við III. lið 10. gr.

Á framangreindum samanburði sjást þær breytingar, sem gerðar hafa verið.

Flokkunin undir V. tölulið byggist á frumvarpi til girðingarlag, sem nú liggur fyrir Alþingi og gert er ráð fyrir að nái fram að ganga óbreytt í þessum atriðum.

Um 11. gr., áður 12. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins eru ný ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt jarðræktarvísitölu, sem háð er breytingum á tilkostnaði við framkvæmdir, og er grunntalan miðuð við meðalkostnað ársins 1964. Þá eru ákvæði um, hvaða aðilar láti Hagstofu Íslands í té þær upplýsingar um tilkostnað, sem vísitalan byggist á hverju sinni.

Með þessu ákvæði eru slitin úr tengslum ákvæði þau, sem í gildandi lögum eru um, að greiðsla verðlagsuppbóta á jarðabætur sé bundin vísitölu framfærslukostnaðar. Það ástand, sem í þessum málum hefur ríkt á undanförunum árum, er algerlega óviðunandi, þar sem vísitala á jarðabætur hefur verið óbreytt, frá því að lög um efnahagsmál komu til framkvæmda árið 1960.

Á tímabilinu frá 1959 til og með 1964 hefur kostnaður við ræktun túna úr mýrlendi, svo eitt dæmi sé tekið, hækkað úr kr. 8190.00 í kr. 14389.00, eða um tæp 76% á ha. samkvæmt virðingu Landnáms ríkisins vegna lántöku bænda úr Ræktunarsjóði.

Um 12., 13. 14., 15., 16., 17., 18. og 19. gr.

Allar óbreyttar.

Um 20. gr.

Bætt er inn í greinina nýjum ákvæðum, til þess að fyrirbyggja, að einstakir bændur geti gengið fram hjá sínum eigin félagsskap og samið við einhvern verktaka, sem leitast við að velja úr beztu verkefnum, en ganga fram hjá þeim, sem lakari eru.

Um 21. gr.

Óbreytt.

Um 22. og 23. gr., sem eru nýjar greinar.

Undanfarið hefur Vélasjóður annazt meginhluta af grefti þurrkskurða fyrir bændur landsins. Á ýmsum stöðum, þar sem gröftur hefur orðið erfiðastur og langt er á milli vinnustaða, hefur gröfturinn orðið mun dýrari en almennt gerist. Á þessum stöðum hefur Vélasjóður skaðast á greftinum, þar eð leigugjaldið hefur verið hið sama um land allt, fyrir skurðgröfur sömu tegundar.

Vélasjóður hefur því rekið eins konar verðjöfnunarstarfsemi í sambandi við gröftinn, þar sem ágóðinn af góðu svæðunum hefur verið látinn jafna hallann á þeim lakari.

Á síðustu tveim árum hafa nokkrir einstaklingar gerzt verktakar í skurðgrefti með eigin vélum. Þeir hafa eðlilega valið úr beztu landsvæðin, en þó ekki grafið fyrir lægra heldur sama gjald og Vélasjóður. Þar með er fyrirbyggður möguleiki Vélasjóðs til verðjöfnunar, og jafnframt er stefnt að hærri útgjöldum fyrir ríkissjóð í framtíðinni.

Til þess að koma aftur á verðjöfnun, sem verður að teljast bæði sanngjörn og nauðsynleg, er hér lagt til, að sett verði verðjöfnunargjald á allan vélgröft skurða, sem ríkisframlag er veitt til. Með gjaldi þessu verði stofnaður „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft“, sem verði í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er annast greiðslur úr honum til verðjöfnunar.

Um 24. gr., áður 23. gr.

Óbreytt.

Um 25. gr., áður 24. gr.

Litlar breytingar, sem ekki þurfa skýringar við.

Um 26. gr., áður 25. og 26. gr.

Hér eru tvær greinar sameinaðar með nokkrum breytingum, er ætla má, að styðji að hagkvæmari framkvæmd málsins hverju sinni.

Um 27. gr., áður 27. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 28., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35. og 36. gr.,

sem áður voru 28., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35. og 36. gr.

Allar óbreyttar.

Um 37. gr., áður 37. gr.  
Hér eru aðeins gerðar orðalagsbreytingar til samræmis (sbr. 4. og 5. gr.).

Um 38. gr., áður 38. gr.  
Greinin efnislega óbreytt.

Um 39. gr., áður 39. gr.  
Þarf ekki skýringa við.

Um ákvæði til bráðabirgða.  
Síðari málsgrein er breytt til samræmis við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar.

### Fylgiskjal.

Tillaga Búnaðarfélags Íslands um greiðslufyrirkomulag á jarðræktarframlögum.  
Ný grein, er verði 12. gr., svo hljóðandi:

Á tímabilinu 1965—1975, að háðum árum meðtöldum, skal ábúendum jarða, sem eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 25 ha., veitt óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.

Ákvæði þetta nær til býla, þar sem athuganir viðkomandi héraðsráðunautar hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt bændum viðunandi lífsafkomu á jörðunum og sé líkleg til að koma í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði. Verði ágreiningur milli héraðsráðunautar og jarðabótamanns um hæfni býlis til framtíðarbúreksturs, skal landbúnaðarráðherra skera úr að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Óafturkræft framlag skal vera, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert, og greiðist sama árið og úttekt fer fram.

Framræslukostnaður og framlag til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

Búnaðarfélag Íslands skal gera sérstaka skýrslu til ríkissjóðs um það viðbótar- ríkisframlag, sem hver einstakur jarðabótamaður fær samkvæmt þessari grein, og hafa á hendi útborgun þess.

Greinargerð Búnaðarfélagsins er þessi:

Grein þessi felur í sér ákvæði 60. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Þegar þau lög voru sett á Alþingi 1962, var tekið upp í þau tímabundið ákvæði um aukalegt jarðræktarframlag til að sporna við því, að jarðir færu í eyði vegna skorts á ræktun.

Hliðstæð tímabundin ákvæði um herra jarðabótaframlag hafa með þessari undantekningu jafnan fylgt jarðræktarlögum. Með þeirri breytingu, sem Búnaðarfélag Íslands leggur nú eindregið til að gerð verði, eru ákvæði um öll almenn jarðræktarframlög úr ríkissjóði aftur færð í ein lög, jarðræktarlögin. Gildandi lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. þarf að sjálfsögðu að breyta til samræmis við lög þessi.

Búnaðarfélag Íslands hefur, frá því að jarðræktarlög voru fyrst sett árið 1923, haft á hendi framkvæmd þeirra. Það heldur spjaldskrá yfir allar jarðabætur, sem teknar hafa verið út, síðan jarðræktarlög voru sett. ásamt þáverandi stærð túna. Það hefur ætíð séð um úttekt jarðabóta, sem trúnaðarmenn þess hafa framkvæmt, og annazt greiðslur á framlögum vegna jarðræktarframkvæmda.

Hin nýja tilhögun, er Landnámi ríkisins var falið að greiða aukalegt jarðabótaframlag á sömu jarðræktarframkvæmdir og Búnaðarfélag Íslands sér um úttekt á og styrkgreiðslur fyrir hönd ríkisins, hefur komið bændum undarlega fyrir sjónir og veldur óþarflega flóknu greiðsluferfi.

Við þær breytingar, sem gerðar voru á stofnlánadeildarlögunum árið 1964 og jarðræktarlögum sama ár og taka til þess, að hærri framlög ríkissjóðs á úttekna ræktun ná nú til 25 ha. í stað 10 ha. og 15 ha. áður, er talið, að þessi framlög nái til 3800 býla, þ. e. mikils meiri hluta bænda í landinu. Með þessu er stigið stórt skref í þá átt að auka meðalbústærð í landinu, og tekur það til hverrar einustu sveitar. Þegar svo er komið, er um að ræða almennar ráðstafanir til aukningar jarðræktar á Íslandi, en ekki sérstök úrræði til að koma í veg fyrir, að einstakar jarðir fari í eyði, enda þótt dregið sé úr þeirri hættu með þessum ákvæðum.

Síðan stofnlánadeildarlögin voru sett, hefur ríkisstjórnin ákveðið með samkomu-lagi við Stéttarsamband bænda að verja fimm milljónum króna árlega næstu fimm ár til hjálpar þeim bændum, sem verst eru settir, og til að koma í veg fyrir, að einstakar sveitir eða sveitarhlutar fari í eyði. Er eðlilegt að álíta, að þær ráðstafanir geri það kleift að finna raunhæfari leiðir til úrbóta, þar sem sérstök hættu er á, að búskapur leggist niður, heldur en tók eru á með hinu almenna ákvæði 60. gr. stofnlánadeildarlaga.

Með tilliti til þess, hve framlög samkvæmt þessari grein ná til margra bænda, þykir einnig rétt að tryggja í lögum, að allir þeir jarðabótamenn, sem ákvæði greinarinnar ná til, njóti sama framlags á sömu framkvæmdir.

Með þessari breytingu er ekki raskað framkvæmd annarra ákvæða í lögum um stofnlánadeild, og framlög til nýbýlastofnunar, endurbygginga jarða og til íbúðarhúsbbygginga til þeirra bænda, er hafa örðugan fjárhag, yrðu áfram veitt samkvæmt þeim lögum. Hins vegar mun liggja ljósar fyrir, hve miklu ríkisframlagi er varið til jarðræktar sérstaklega, auk þess sem verið er að sameina í heildarlöggjöf um jarðrækt alla almenna þætti hennar.

Greinargerð landnámsstjóra er svo hljóðandi:

Landnámsstjóri getur ekki fallizt á þá tillögu Búnaðarfélags Íslands um, að 12. gr. sé tekin upp í frumvarp þetta né eigi þar heima.

Eigi er heldur hægt að fallast á þau rök Búnaðarfélagsins í greinargerðinni, að eðlilegt sé að taka upp í jarðræktarlög eina grein (60. gr.) úr stofnlánadeildarlögum, enda myndi slík breyting verða að leiða af sér viðtæka endurskoðun VIII. kafla Stofnlánadeildarlaga.

Ákvæði núgildandi 60. gr. Stofnlánadeildarlaga eru tekin inn í lögin árið 1957, sem þá hétu lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 38. gr. þeirra laga.

Við undirbúning þeirra laga unnu árið 1956 tveir þáverandi og núverandi stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Íslands og áttu sinn hlut í því, að þessi ákvæði voru sett inn í landnámslögin, og annar þeirra átti frumkvæði þar að. Verður ekki séð, að frá þeim tíma hafi aðstæður breytt, er gefi tilefni til þeirra breytinga, er felast í tillögum Búnaðarfélags Íslands að taka ákvæði 60. gr. Stofnlánadeildarlaga inn í jarðræktarlögin nú.

Allur VI. kafli landnámslaga 1957, sem er VIII. kafli Stofnlánadeildarlaga nú, felur í sér opinberar ráðstafanir, er miða að því, að nýbýlastjórn ríkisins eigi að stuðla að endurbyggingu eyðijarða, hafa eftirlit með ábúð á jörðum og veiti sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komin, þar sem slíkar ráðstafanir eru líklegar til að fyrirbyggja, að annars byggilegar jarðir fari í eyði. Hér er því ekki aðeins um að ræða veitingu framlaga til ræktunar, heldur einnig stuðla að uppbyggingu húsakosts og útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitum landsins. Allur VIII. kafli Stofnlánadeildarlaga er samræmd heild til stuðnings því að grundvalla bústærðir og búseiningar, er fullnýtt geti tæknibúnað við bústörf, og efla búin til þeirrar stærðar, sem hagfelld er, miðað við vinnuafli, sem til umráða er, að búendur geti haft sómasamlega lífsafkomu.

Að þessu máli hefur verið unnið allt frá árinu 1957, með gagnasöfnun, framkvæmd tilmælinga og kortagerð túna í öllum sýslum á landinu, og hefur Búnaðarfélag Íslands haft fullan aðgang og afnot þessara gagna. Jafnframt hefur verið haldin jarðaskrá yfir allar byggðar jarðir í landinu frá því árið 1955, um búendur,



ábúðarhreyfingar og hverjum bústofni er framfleytt á hverri jörð ár hvert. Þá hefur og verið aflað jarðalýsinga um allar eyðijarðir í landinu, eigendur þeirra og hvernig jarðirnar eru nytjaðar.

Að þessum gögnum fengnum hefur verið haft fullt samráð við ræktunarsamböndin og héraðsráðunauta um að stuðla jafnan fyrst að ræktun, þar sem þörfin er mest og þar sem ræktun gat að því stutt að fyrirbyggja, að jarðir fari í eyði.

Eigi er hægt að fallast á þann rökstuðning, sem fram kemur í greinargerðinni, að bændum komi greiðslufyrirkomulagið undarlega fyrir sjónir. Framlöggin eru greidd til bænda fyrir milligöngu ræktunarsambanda, sem eiga lögveð í framlöggunum, og hingað til hafa greiðslur farið fram strax og héraðsráðunautar hafa sent landnáminu úttektir þeirra aðila, er styrkrétt hafa, enda fá héraðsráðunautar tilmælingaskrá síns héraðs frá því. Hér er því ekki um að ræða flókið greiðslukerfi.

Hér er um að ræða tímabundin framlög til hvefrrar jarðar þar til ræktun hefur náð 25 ha. marki, og þar sem þessi sérframlög ná alls ekki til allra jarða í landinu, en veitt fyrir atbeina ríkisins í sambandi við aðrar ráðstafanir þess til að tryggja búsetu á jörðum, getur ekki talizt óeðlilegt, að einn aðili fari með þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið gerir með samræmdu átaki, og að það feli þeirri ríkisstofnun, sem lögum samkvæmt er ætlað það hlutverk að skipuleggja uppbyggingu í sveitum landsins, að fara með þessi mál undir umsjá þingkjörinnar stjórnarnefndar og yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Með tilvísun til þess, að VIII. kafli Stofnlánadeildarlaga er samræmd heild, lít ég svo á, að ekki komi til greina að slíta úr samhengi við hana eina grein eða að fela tveimur aðilum framkvæmd hans.

Samkvæmt því legg ég til, að 12. grein frumvarpsins verði felld úr frumvarpinu.